

3. fundur vetrarstarfsins var haldinn þriðjudaginn 7. nóvember (sl.) 2017 á glæsilegu heimili Hildar Jóhannesdóttur í hlíðum Breiðholts að Vesturbergi 137 með útsýni um víðan völl.

Ingibjörg Einarsdóttir formaður setti fundinn og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. María Pálmadóttir tók manntal og voru 34 konur deildarinnar mættar:

Anh-Dao Tran, Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Jóna Jónsdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Edda Pétursdóttir, Edda Víkar Guðmundsdóttir, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Hanna Halldóra Leifsdóttir, Helga Thorlacius, Hildur Jóhannesdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir (sagnfræðingur), Kristín Jónsdóttir (skólastjóri), Krístrún Ísaksdóttir, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Stefánsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Renata Emilsson Peskova, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Svana Friðriksdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir.

Undirrituð las fundargerð síðasta fundar.

Árný Elíasdóttir fyrrum formaður Gammadeildar leiddi okkur í orðum til umhugsunar inn í heim sem hún sýslar með í sínu vinnuumhverfi sem m.a. er þarfagreining og skipulag fræðslu hjá stofnunum og starfsþróun fyrirtækja. Kjarni starfsins er að kynnast vinnustöðum og það eru fjórar kynslóðir sem sameinast á vinnumarkaðinum í dag. 50 ár skilja þá yngstu og þá elstu. Áskorunin felst í því að þessar ólíku kynslóðir geti unnið saman og til þess að það farnist vel er gott að skilgreina mismunandi þarfir og meta hvað hver og ein kynslóð hefur fram að færa ásamt því að miðla lærdómi á milli. Hér birtast punktar Árnýjar sem hún mælti í kringum:

Eftirstríðskynslóðin (Baby Boomers) 1945-1965 er kynslóðin sem fékk fleiri tækifæri til menntunar en fyrri kynslóðir. Konum fór fjölgandi í menntaskólum og háskólum og nemendur vildu hafa áhrif á námið. Auðvelt var að fá vinnu og fólk skilgreindi sig mikið út frá vinnunni, og gerir enn, sumir urðu vinnualkar og þótti fínt. Þetta gat komið niður á samræmingu vinnu og fjölskyldu. Fólk er í mörgum tilfellum lengi hjá sama vinnuveitenda og sýnir honum hollustu. Tölvur og önnur tækni sem nú þykir sjálfsagt var af skorum skammti þegar þetta fólk hóf störf. Flestir af þessari kynslóð voru komnir yfir þrítugt eða fertugt þegar þeim sáu fyrstu einkatölvuna. Og síminn! Margir ólust upp við miðstöð!

X kynslóðin (1965 – 1980)

Þessi kynslóð var sú fyrsta þar sem algengt var að báðir foreldrar væru útvinnandi og ekki komin félagleg úrræði s.s. leikskólar og skóladagheimili. Lyklabörnin svonefndu eru af þessari kynslóð. Henni hefur verið lýst sem ábyrgri, sjálfstæðri og metnaðarfullri í störfum en vilji líka ákveðinn sveigjanleika og frelsi og að það þurfi líka gaman í vinnunni. Í kringum 2000 var t.d. mikið í tísku hjá ungum fyrirtækjum að hafa ýmsa afþreyingu innan fyrirtækjanna s.s. billjard, skák, líkamsrækt o.fl. Af þessari kynslóð er fólkið sem tekur þátt í öllum stóru íþróttakeppnunum, s.s. járnkarlinum, landvættunum, vasa göngunni of.l. En þó fólk sé metnaðarfullt í vinnu skiptir samræming vinnu og fjölskyldu einnig máli. Í Bandaríkjunum hefur komið fram að þessi kynslóð virðist vera sú best menntaða.

Þúsaldakynslóðin /krúttkynslóðin /me-me (Y – kynslóðin) 1980 – 1995

Kynslóðinni hefur verið lýst sem sjálfsöruggri, frjálsslyndri, opinni fyrir nýjum hugmyndum og mjög háðri tækninni enda alin upp við tölvur og farsíma. Sumir hafa líka lýst henni sem sjálfhverfri og ofdekaðri sem fékk endalaust hrós frá uppalendum og endurgjöf frá tölvuleikjum og sækist því eftir stöðugri endurgjöf frá stjórnendum og hefur miklar væntingar til vinnustaðarins sem á bæði að vera heimilislegur og skemmtilegur. Þessi kynslóð virðist skipta oft um starf en fyrri kynslóðir, ef hún er ekki ánægð þá sækir hún í það sem hentar henni betur. Hún skilgreinir sig ekki eins mikið út frá

starfinu heldur meira út frá öðrum hlutverkum í lífinu, s.s. faðir/móðir, ástríðukokkur og leggur mjög mikið upp úr samræmingu fjölskyldu og vinnu og ef hún þarf að velja tekur hún fjölskylduna fram yfir.

Z kynslóðin (fædd eftir 1995)

Ekki komin mikil reynsla á vinnumarkaði af þessari kynslóð en þau koma mörg í sumarstörf og fer ört fjölgandi. Þetta er kynslóðin sem vill leysa viðfangsefnin með því að leita sér upplýsinga sjálf (googlar) eða í samvinnu við aðra og kjósa sveigjanlegt vinnuumhverfi. Tæknin er samgróin þeim, þau kynntust tölvum sem smábörn og áttu snjallsíma ung. Þau eru meira skapandi í notkun tækninnar en fyrri kynslóðir, sbr. facebook og snapchat. Þau eru víðsýn, þekkja enda ekki annað en fjölbreytileikann þar sem samkynhneigðir og aðrir kynþættir hafa fengið aukin réttindi og deilihagkerfið. Þar sem þau eru alin upp í kreppunni virðast þau hafa skynsamt viðhorf til peninga og eyðslu. Í bandarískri rannsókn frá 2017 kom fram að fólk af þessari kynslóð telur samskiptahæfni og að geta fundið lausnir mikilvægust hæfni til að vegna vel á vinnumarkaði.

Edda Pétursdóttir, barnaskólakennari, flutti erindi um fjölbreytileika og mikilvægi starfstengdar leiðsagnar og þess að hún sé veitt á faglegan hátt kennaranemum og nýliðum í kennslu. Rannsóknir benda til þess að með því að gefa rými í þennan þátt þá öðlast nýliðar í starfi fyrr öryggi, starfsánægja eykst ásamt því að miklu meiri líkur eru á því að þeir haldist í starfi. Fjallaði einnig um mikilvægi sérmenntunar starfandi kennara til að sinna starfstengdri leiðsögn þar sem ábyrgð og hlutverk er ólíkt kennslu barna og hefur annan tilgang. Hún sé í raun sjálfstæð starfsgrein innan kennarastarfsins, krefst sérþekkingar og að leiðsagnarmat sé kjarninn í samskiptum. Gerð var grein fyrir mismunandi leiðsagnarkenningum og síðan var félagskonum skipt í hópa til að ræða hvernig leiðsagnarkennarar þær vildu vera ásamt því að hugsa til baka og velta fyrir sér hverjar voru þeirra áhrifaríkustu fyrirmyndir í upphafi síns kennsluferils. Svönu Friðriksdóttur eru hér með færðar ómældar þakkir fyrir að stjórna frumstæðri flettistöflu sem gegndi mikilvægu hlutverki í erindinu.

Eftir kaffi, te og meðlæti húsráðanda, Bryndísar Steinþórsdóttur, Ingibjargar Jónasdóttur og Kristrúnar Ísaksdóttur gerðu hóparnir grein fyrir sínum niðurstöðum um fyrirmyndir sínar fyrstu skref í kennslu.

Kristín Jónsdóttir, sagnfræðingur fékk blóm og kort í tilefni stórafmælis. Óskað var eftir tillögum um nýjar bækur og höfunda til að fjalla um á janúarfundinum og minnt á að styrkurinn yrði veittur á jólafundi. Áður en Ingibjörg sleit fundi og slökkti á kertunum þremur þá settist húsráðandi við flygilinn og félagskonur sungu nokkur lög áður en þær svifu út í náttmyrkrið.

Fundargerð ritaði Edda Pétursdóttir